



Orðaleit í skógi

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að nemandinn tileinki sér orðaforða um skóg og tré og þrói með sér aðferð til að muna ný orð á erlendu tungumáli. Eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni ásamt því að þjálfra leikni í vali á aðferðum við útfærslu verkefna.

Námshæðir: Enska, danska eða önnur erlend tungumál auk íslensku.

Aldur: Miðstig og elsta stig.



VERKLÝSING

Byrjað er innan dyra og nýr orðaforði kynntur fyrir nemendum. Búa þarf til lófabók inni áður en farið er út.

Kveikjan fer fram úti: Allt hefur ensk eða dönsk heiti og kennari fer yfir það á ensku eða dönsku. Gefa umhverfinu gaum og horfa vel í kringum sig. Taka dæmi á ensku: „This is bark.“

Viðfangsefni/leiðir: Byrja á að skipta nemendum í litla hópa og útskýra að nú sé komið að orðaleit. Allir hafa sínar bækur með sér og blýanta. Ein orðabók á hvern hóp. Allir eiga að koma með eins mörg orð og þeir geta. Eftir ákveðinn tíma, e.t.v. 20 mín., hittast allir aftur á upphafsstað.

Farið í hvaða orð hafa fundist og vangaveltur í tengslum við verkefnið.

Í framhaldinu er farið í leiki úti sem heita „I spy with my little eye“. Einnig er hægt að semja ljóð eða skógarsögur út frá nýjum orðaforða.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Námshæðir: blöð, blýantar, orðabækur á því tungumáli sem við á hverju sinni.

Safna á orðum í lófabækur og vinna með orðin aftur seinna. Val um hvernig það er gert. Einnig er gott að gera orðin vel úr garði þannig að hægt sé að nota þau aftur til að festa þekkinguna frekar í sessi.

Allir þurfa að vita hvar á að hittast úti og hvenær. Þeir bíði sem mæta fyrstir.